

26
7. febr.

AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi fyrir fiskimatsmenn, nr. 71 3. júlí 1933.

Fyrsti málsliður 5. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Fyrir vinnu sína fá fiskimatsmenn ákveðið kaup um hverja klukkustund. Sé það miðað við almennt verkkaup, sem um er samið milli atvinnurekanda og verkamanna í þeim bæ eða héraði, sem fiskimatsmaður er búsettur í, eða það kaup, sem kann að verða lögboðið, að viðbættu 40% uppbót á hin almennu vinnulaun á hverjum tíma. Þetta kaup fá þeir fyrir alla vinnu við fiskimat, hvort sem það er við flokkun fisksins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. febrúar 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

27
25. febr.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 2. marz 1941, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig, að klukkan verði færð fram um eina klukku-stund frá svonefndum islenzkum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan eitt eftir miðnætti eftir islenzkum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 2. marz, færist klukkan fram um eina klukku-stund og verður tvö.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

28
25. febr. Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Drykkjumannahællissjóð Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. febrúar 1941. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Drykkjumannahællissjóð Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Pálssyni, fyrrv. bankagjaldkera, og konu hans, Önnu Sigríði Adolfsdóttur, til minningar um látna foreldra þeirra beggja, Pál hreppstjóra Jónsson, bónda að Syðra-Seli í Stokkseyrarhreppi, og konu hans, Margréti